

Nd.

13. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjalda í Norðurálfu.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið“ í upphafi 2. gr. laganna komi: Ríkisstjórnin.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin getur, að viðlögðum allt að 100 króna dagsektum, krafizt þess, að einstakir menn eða félög gefi þær skýrslur um vörubirgðir sínar og vöruþörf, sem henni þykir þurfa til framkvæmdar ráðstöfunum þeim, sem heimilaðar eru í lögum þessum.

Ennfremur getur ríkisstjórnin, hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið trúnaðarmenn sína rannsaka birgðir heildsöluverzlana, smásöluverzlana, iðnfyrirtækja og einstakra manna af vörum þeim, sem um ræðir í 1. gr. laga þessara.

Nánari reglur um framkvæmd rannsóknar þessarar skulu settar af ríkisstjórninni.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, og fylgdu því frá stjórninni eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

Um 1. gr.

Ríkisstjórnin hefir öll staðið að ráðstöfunum þeim, sem gerðar hafa verið vegna ófriðarins. Hafa meðal annars allir ráðherrarnir undirritað flestar þær reglugerðir, sem út hafa verið gefnar vegna þeirra ráðstafana. Þykir því rétt að breyta orðalagi greinarinnar til samræmis við þetta, fyrst lögum þessum er breytt á annað borð.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er orðalagi breytt til samræmis við þær orðalagsbreytingar, sem gerðar voru á 2. gr., og af sömu ástæðum. Síðan er lagt til, að bætt verði við greinina tveimur nýjum málsgreinum, og skal um ástæður fyrir því tekið fram það, sem hér fer á eftir.

Skömmtnunarskrifstofa ríkisins hefir haft með höndum framkvæmd matvæla-skömmtnunarinnar, samkvæmt reglugerð þeirri, er ríkisstjórnin gat út 9. sept. 1939 um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum, samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939.

Grundvöllur sá, sem skömmtnunarskrifstofa ríkisins hefir byggt á um birgðir verzlana, iðnfyrirtækja og einstakra manna af skömmtnunarvörum, er uppgjöf þessara aðila sjálfra um það magn, er þeir áttu af vörum þessum 16. sept. síðastl. Skrifstofan hefir svo fylgt með því, hverjir flutt hafa til landsins skömmtnunar-

vörur síðan skömmtunin hófst, og leitast við að hafa nákvæmt eftirlit með því, að ekkert af skömmtunarvörunum gengi kaupum og sölu í landinu, nema innkaupsleyfi eða skömmtunarseðlar væru jafnframt látnir af hendi við seljanda, eins og mælt er fyrir í fyrrnefndri reglugerð frá 9. sept. 1939.

Eftirlit með sölu skömmtunarvaranna hefir skömmtunarskrifstofan að mestu þurft að framkvæma á þann hátt, að hún hefir fengið skýrslur frá seljendum varanna um, hve mikið af hverri tegund skömmtunarvaranna hver heildsöluverzlun eða innflytjandi hefir á hverjum tíma selt hverri einstakri smásöluverzlun eða iðnfyrirtæki, og hafa innkaupsleyfin sjálf verið lätin fylgja skýrslum þessum til skömmtunarskrifstofunnar, til sönnunar því, að viðkomandi kaupandi (smásöluverzlun eða iðnfyrirtæki) hafi haft heimild til að kaupa vörurnar. Í skýrslum þessum gefa svo heildsöluverzlanirnar skömmtunarskrifstofunni jafnframt upp, hve mikið þær hafa fyrirliggjandi af skömmtunarvörunum við lok tímabils þess, sem skýrslurnar taka yfir.

Á sama hátt fær skömmtunarskrifstofan einnig skýrslur frá öllum smásöluverzlunum og iðnfyrirtækjum um, hve mikið magn hver einstakur þessara aðila hefir keypt af skömmtunarvörum, og hjá hverjum. Í þessum skýrslum er einnig skýrt frá, hve mikið hafi verið selt af hverri tegund skömmtunarvaranna og hve miklar birgðir þessara vara séu í lok tímabilsins, sem skýrslurnar taka yfir. Skýrslum þessum fylgja svo reitir skömmtunarseðlanna sjálfra, til staðfestingar því, að rétt sé frá skýrt um söluna.

Af skýrslum þeim til skömmtunarskrifstofunnar, sem að framan greinir, hefir stundum komið í ljós, að nokkurs ósamræmis hefir gætt í því, sem seljendur og kaupendur tilgreina um afhendingu og móttöku skömmtunarvaranna, þannig að kaupandi (smásöluverzlun eða iðnfyrirtæki) telur sig t. d. hafa meðtekið skömmtunarvöru frá tilgreindum seljanda, án þess þó að sá hinn sami seljandi hafi í skýrslu sinni skýrt frá afhendingunni eða skilað innkaupsleyfi fyrir vörunum.

Á sama hátt hefir það og komið fyrir, að kaupendur (smásöluverzlanir og iðnfyrirtæki) greina ekki frá í skýrslum sínum öllum þeim skömmtunarvörum, sem heildsöluverzlanir telja sig hafa afgreitt til þeirra og hafa raunverulega skilað innkaupsleyfum fyrir.

Við þetta bætist svo það, að birgðatalning á skömmtunarvörunum í verzlunum 16. sept. síðastl., eða skýrslur um birgðirnar þá, hafa í sumum tilfellum ekki reynzt eins réttar og nákvæmar og til var ætlað og nauðsynlegt var.

Af ósamræmi því í skýrslum seljenda og kaupenda, sem verzla með skömmtunarvörurnar, svo og af ónákvæmri birgðatalningu eða skýrslum um birgðirnar 16. sept. síðastl., eins og að framan greinir, hefir svo leitt það, að sumir þessir aðilar hafa leiðzt til þess að telja birgðir sínar af skömmtunarvörunum á ýmsum tímum of eða van, þ. e. meiri eða minni en þær raunverulega voru, til þess að skapa tölulegt samræmi í skýrslurnar. Leiðir af því, sem hér á undan er talið, að birgðir þær, sem skömmtunarskrifstofunni eru gefnar upp, svara ekki nákvæmlega til þess magns, sem raunverulega er fyrir hendi. Sennilega skiptir þetta ósamræmi ekki verulegu máli ennþá sem komið er, en ekki er ósennilegt, ef skömmtunin helzt lengri tíma, að þá gæti þetta ósamræmi farið vaxandi, og virðist sjálfsagt að reyna að taka fyrir það nú þegar.

Þá er og sá möguleiki fyrir hendi, að verzlanir selji skömmtunarvörur án þess að fyrir þær komi seðlar eða ávisanir, en gæti þess jafnframt að telja það magn, sem þannig er selt, til birgða hjá sér, og geti á þann hátt skilað tölulega réttum skýrslum til skömmtunarskrifstofunnar.

Til þess að fyrirbyggja þetta væri æskilegt, að hægt væri, þegar ástæða þykir til, að láta fara fram birgðatalningu hjá verzlunum, iðnfyrirtækjum og einstökum mönnum, til þess að fá vissu um, hverjar hinar raunverulegu birgðir eru, og rétta síðan framtöl þeirra eftir því. Væri mjög tafsamt, ef fá þyrfti dómsúrskurð í hverju einstöku tilfelli, og er því lagt til, að þessi lagaheimild verði veitt, enda er einnig

rétt að gera ráð fyrir því, að lagaákvæði þessi yrðu notuð til þess að framkvæmdar yrðu dreifikannanir, þar sem sú aðferð hefir þann kost, að þá er eigi látinn í ljós fyrirfram neinn grunur um brot gegn ákvæðum laganna.

Hinsvegar er það óhjákvæmileg nauðsyn, að jafnan megi fyllilega treysta birgðaskýrslum verzlana og iðnfyrirtækja, svo og einstakra manna, ef hægt á að vera að hafa fullt eftirlit með því, að matvæðaskömmunin verði framkvæmd samkv. gildandi reglugerð. Hitt er og engu síður nauðsynlegt, að treysta megi fyllilega heildar- niðurstöðutölum þessara birgðaskýrslna, þegar gera þarf ráðstafanir og áætlanir um innflutning skömmtunarvaranna til landsins og dreifingu þeirra til hinna einstöku landshluta.

Loks er það augljóst mál, að þeir, sem samvirkusamlega fylgja gildandi ákvæðum um matvæðaskömmunina, eiga rétt á því, að tryggt sé eftir föngum, að öðrun haldist ekki uppi að brjóta þau ákvæði á kostnað þeirra.